



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferðaröryggi í Laugardal og Vogabyggð

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Umferðaöryggi nemenda í Laugardal er ótryggt og samgöngur yfir mikilvægar umferðargötur eru börnum erfiðar. Í morgun var keyrt á nemenda í 3. bekk í Laugarnesskóla á gangbraut yfir Reykjaveg, til allrar hamingju virðist barnið hafa sloppið við teljandi meiðsl. Íbúar hafa lengi kallað eftir að betur verði búið að þessari gangbraut til skólans, sett gönguljós, lýsing bætt og gangbrautin færð suður-fyrir Kirkjuteig. Til upprifjunar þá var einnig ekið á nemanda skólans á þessum sama stað þann 18. maí síðastliðinn og í lengri forsögu hafa orðið mörg misstór umferðarslys á þessum stað. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað bent á þetta. Það er skylda og ábyrgð Reykjavíkurborgar að búa börnum öruggar samgöngur til og frá skólum sínum. Enn á ný spyr fulltrúi Flokks fólksins: Hvernig og hvenær verður ráðist í að breyta og laga þessa gangbraut yfir Reykjaveg? Eru borgaryfirvöld reiðubúin að setja gangbrautarvörð við þessa gangbraut yfir háanna tíma þar til úrbætur hafa verið gerðar? Flokkur fólksins hefur einnig ítrekað farið fram á að hlustað verði á foreldra barna í Vogabyggð. Umferðaröryggi gangandi nemenda í nýju Vogabyggðinni er ábótavant.

Var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 30. nóvember sl.

Svar:

Umferð akandi og gangandi/hjólandi vegfarenda við Reykjaveg var talin í desember 2021. Voru niðurstöður talningarinnar þær að árdagsumferð (ÁDU) á Reykjavegi var 6.800 bílar en hámarkshraði á Reykjavegi er 30 km/klst. Var fjöldi gangandi og hjólandi við þverun hjá Kirkjuteig 220 á annatíma árdegis og 71 á annatíma síðdegis. Við þverun hjá Hofteig var umferð gangandi og hjólandi 128 á annatíma árdegis og 72 á annatíma síðdegis.

Samkvæmt leiðbeiningum í handbók um göngupveranir sem gefin var út í desember 2014 ætti, miðað við talda umferð á Reykjavegi, að vera gangbraut á mikilvægustu gönguleiðum. Á Reykjavegi við Kirkjuteig og við Hofteig er gangbraut með upphækkun. Önnur göngupverun með upphækkun er svo staðsett á Reykjavegi milli þessara tveggja.

Mikil umferð skólabarna er á svæðinu þar sem grunnskóli er staðsettur við götuna og svo eru mörg börn á ferð í tengslum við tómstundastarf. Miðað við talningu á Reykjavegi og mikla



umferð skólabarna á svæðinu kemur það til greina að umferð um göngupverun við Kirkjuteig sé stjórnað með umferðaljósi. Það að færa gangbrautina suður fyrir Kirkjuteig er ekki talið hafa það mikil áhrif á umferðaröryggi að réttlætanlegt sé að taka þann stað fram yfir aðra staði í borginni sem þurfa á umferðaröryggisbætandi aðgerðum á að halda. Samkvæmt slysakorti Samgöngustofu er afar sjaldgæft að slys verði á óvörðum vegfarendum á þessu svæði og því er ekki tilefni til að fara í aðgerðir þarna umfram aðra staði í borginni.

Ráðning gangbrautarvarða við grunnskóla borgarinnar hefur verið á höndum skólanna í samráði við skóla- og frístundasvið og getur skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar því ekki sagt til um hvort gangbrautarverðir verði fengnir til að vakta þessa göngupverun.

Beðist er velvirðingar á seinum svörum við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri